



# GRÝTUBAKKAHREPPUR

Túngötu 3 – 610 Grenivík – Sími 414-5400  
www.grenivik.is

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
Reykjavík

Grenivík 30. apríl 2024.

Varðar: Mál 899, “tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi.”

Umsögn sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps:

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps tók málið fyrir á fundi sínum í gær og bókaði eftirfarandi undir dagskrárlíð nr. 14:

**„14. Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis, mál 899, tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi, dags. 19. apríl 2024.**

Erindi lagt fram. Sveitarstjórn ítrekar þau sjónarmið sem hún kom á framfæri í aðdraganda málsins í september 2022.“

Þau sjónarmið sem vísað er til voru send nefndinni sem vann að undirbúningi málsins, en hún óskaði sjónarmiða sveitarstjórna í landinu um málefnið. Afrit af þessu svari sveitarstjórnar fylgir hér neðan við.

Með bestu kveðjum,  
f.h. sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps,

Þróstur Friðfinnsson, sveitarstjóri



## GRÝTUBAKKAHREPPUR

Túngötu 3 – 610 Grenivík – Sími 414-5400  
www.grenivik.is

### Sjónarmið sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps um nýtingu vindorku og regluverk þar að lútandi, sbr. erindi frá starfshópi dags. 23. ágúst 2022.

Varðandi viðhorf til lagaramma um vindorku, telur sveitarstjórn eðlilegt að reglur um vindorku verði felldar inn í núverandi lög um vernd og orkunýtingu og að samsvarandi ferlar gildi um leyfisveitingar og gagnvart öðrum virkjunum.

Varðandi önnur atriði sem um er spurt vill sveitarstjórn setja fram eftirfarandi sjónarmið og upplýsingar.

- Sveitarfélagið hefur ekki sett sér stefnu um virkjun vindorku í aðalskipulagi eða annarsstaðar.
- Sveitarstjórn er ekki kunnugt um áform um virkjun vindorku í sveitarfélaginu.
- Sveitarstjórn telur virkjun vindorku á Íslandi skynsamlegan kost, einkum í samspili við stóru vatnsaflsvirkjanirnar.
- Vindmyllur nútímans eru mikil mannvirki og ef þeim yrði dreift víða um land myndi það valda mikilli ásýndarbreytingu á Íslandi í heild.
- Því telur sveitarstjórn heppilegra að einskorða vindmyllugarða við fáa staði á landinu og hafa þá þeim mun stærri á hverjum stað, fremur en að heimila vindmyllur skipulagslítið um landið allt.
- Heiðarnar við helstu stórvirkjanir ættu að koma helst til álita, þannig að ekki þurfi að fara um langan veg til að tengjast flutningsneti rafmagns.
- Þær eru einnig fjarri byggð og valda þannig ekki ónæði vegna hljóðs og sjónmengun í byggð er lágmörkuð.
- Einnig kæmi til álita að setja upp vindorkuver í landshlutum þar sem raforkuskortur er fyrir og flutningsnet veikt, til að jafna skilyrði til búsetu og atvinnurekstrar.
- Flutningsnet yrði þá að stykja um leið og hámarka þannig afrakstur orkuvera og auka jafnframt raforkuöryggi.
- Slíkt yrði þó jafnan að vera í sátt við íbúa viðkomandi svæða.

Framangreint eru helstu sjónarmið sveitarstjórnar, en málið er viðamikið og í því togast á ýmsir hagsmunir. Mikilvægt er að ná sem breiðastri sátt eftir því sem hægt er, t.d. milli sjónarmiða ferðaþjónustu, náttúruverndar, atvinnulífs og íbúa. Ísland er ríkt af umhverfisvænni orku fyrir, því telur sveitarstjórn rétt fara varlega af stað við nýtingu vindorku.

Grenivík 22. september 2022,  
f.h. sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps,

Þröstur Friðmannsson, sveitarstj.